

Saman gegn ofbeldi

Samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfsins, Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og sýslumannsembættisins á höfuðborgarsvæðinu



Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, verkefnisstjóri ***Saman gegn ofbeldi***

Mynd á forsíðu. Linda Ólafsdóttir
Ágúst 2025

Efnisyfirlit

Upphaf verkefnisins <i>Saman gegn ofbeldi</i>	2
Skipulag verkefnisins	2
Fjármál	3
Ferlið, í stuttu máli, þegar það eru útköll.....	4
Upplýsingar um heimilisofbeldi í Reykjavík.....	4
Upplýsingar fyrir brotþola og gerendur á vef borgarinnar	5
Fjöldi útkalla vegna heimilisofbeldis	5
Fjöldi útkalla sem borgin hefur farið í vegna heimilisofbeldis.....	7
Kynjahlutfall brotþola og gerenda.....	8
Hlutfall útkalla borgarinnar af útköllum lögreglunnar	9
Konur og börn í dvöl í Kvennaathvarfinu í Reykjavík og fjöldi viðtala	9
Fjöldi kvenna í dvöl í Kvennaathvarfinu í Reykjavík.....	9
Fjöldi kvenna og barna sem kemur í viðtöl í Kvennaathvarfinu	10
Fjöldi barna í Kvennaathvarfinu	11
Gerendur og brotþolar	11
Aldur og kyn gerenda	11
Aldur og kyn brotþola.....	12
Fjöldi gerenda og brotþola eftir íslensku og erlendu ríkisfangi og kyni	14
Fatlað fólk og ofbeldi – útköll borgarinnar.....	16
Hinsegin gerendur og brotþolar	16
Tengsl gerenda og brotþola	17
Börn á öllum aldri sem beita foreldra sína ofbeldi.....	19
Tegund ofbeldis.....	21
Ofbeldi eftir fjölskyldugerð brotþola.....	22
Börn og heimilisofbeldi	22
Skýrslur og tillögur starfshópa	23
Fatlað fólk og ofbeldi.....	23
Innflytjendur og ofbeldi	23
Hinsegin fólk og ofbeldi.....	24
Aldrað fólk og ofbeldi	24
Heimilislást fólk og ofbeldi	24
Fræðsla á vegum verkefnisins	25
Útgáfa á vegum verkefnisins	25
Saman gegn ofbeldi – bæklingur.....	25
Áhrif heimilisofbeldis á börn	25

Við hjálpum, „nafnspjöld“	25
Við og börnin okkar	26
Hvað gerðist?	26
Hinsegin fólk og heimilisofbeldi	26
Veggspjöld.....	27
Mat á verkefninu.....	29
Lokaorð	29
Skrá yfir myndir og töflur	31

Upphaf verkefnisins *Saman gegn ofbeldi*

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 1. apríl 2014 að beita sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi. Samkvæmt tillögunni skyldi stuðla að auknu samstarfi, þekkingarmiðlun og bættu verklagi í heimilisofbeldismálum. Sérstaklega skyldi horfa til þess árangurs sem náðst hefði á Suðurnesjum. Einnig var samþykkt viðaukatillaga um að skoða skyldi sérstaklega hvernig best væri að aðstoða fatlaðar konur og konur af erlendum uppruna sem verða fyrir ofbeldi.

Skipulag verkefnisins

Verkefninu er stýrt af verkefnisstjórn/stýrihópi sem í eiga sæti einn borgarfulltrúi sem stýrir vinnu verkefnisstjórnarinnar, einn fulltrúi frá Kvennaathvarfinu, tveir fulltrúar frá Lögreglunni, einn frá velferðarsviði, einn frá barnavernd Reykjavíkur, einn frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, einn frá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu og einn frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu en embættið hóf þátttöku í verkefninu í janúar 2020. Umsjón verkefnisins er á höndum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og starfar verkefnisstjóri þess þar.

Stýrihópurinn skipuleggur verkefnið og tekur ákvarðanir um breytingar á verklagi og um hvað annað sem felur í sér bætta þjónustu fyrir brotþola innan þess ramma sem verkefnið hefur og vekur athygli annarra stofnana en þeirra sem eiga sæti í stýrihópnum á ýmsu sem betur má fara.

Stýrihópurinn hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og geta allir fulltrúar í honum sett efni á dagskrá. Góð samvinna á milli þeirra aðila sem eiga sæti í stýrihópnum er lykilatriði og hafa þau tengsl sem myndast auðveldað samvinnu og úrbætur þegar á hefur þurft að halda.


Tveir fulltrúar frá hverri miðstöð velferðarsviðs og frá Barnavernd Reykjavíkur eiga sæti í samráðshópi. Fulltrúarnir eru úr hópi þeirra sem fara í útköll vegna heimilisofbeldis. Á samráðsfundum, sem eru að jafnaði mánaðarlega, eru tekin upp ýmis mál sem koma upp eins og t.d. leiðir til að bæta verklag, hugmyndir að nauðsynlegri fræðslu og ábendingar um það sem betur má fara í samvinnu. Fulltrúi velferðarsviðs ásamt fulltrúa mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem jafnframt er verkefnisstjóri *Saman gegn ofbeldi* sitja þessa fundi og gæta þess að upplýsingar flæði á milli stýrihóps og samráðshóps þegar við á.

Reynt er að hafa boðleiðir stuttar í þessu verkefni og bregðast strax við því sem upp kemur en með það í huga að vinnumenning er ólík á þeim vinnustöðum sem fulltrúarnir koma frá og með skilningi á aðstæðum hverju sinni.

Þar sem sérfræðingar í ýmsum málaflokkum vinna á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu eru hæg heimatökin að nýta sér sérþekkingu þeirra og vinna að því að tekið sé mið af þeim hópum sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar tekur til í útfærslu verkefnisins.

Leitast er eftir samráði við ýmis félög og grasrótarsamtök í þessari vinnu m.a. með fundum sem haldnir eru til að hlusta á sjónarmið þeirra.

Lögð hefur verið áhersla á að flétta saman verkefnið *Saman gegn ofbeldi* og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, þ.e. í allri vinnu við verkefnið er horft til þeirra hópa sem stefnan tekur til.



Mynd 1. Lögð er áhersla á þá hópa sem mannréttindastefnan tekur til

Verkefnið heyrir undir mannréttindaráð Reykjavíkurborgar.

Fjármál

Tafla 1 sýnir þær fjárheimildir sem verkefnið hefur fengið frá því að það var sett á fót. Á tímabilinu hefur Reykjavíkurborg varið tæplega 548 milljónum til verkefnisins. Stærsti hluti kostnaðar er vegna bakvakta og útkalla félagsráðgjafa. Árið 2020 og 2021 fór verkefnið fram úr áætlun en búið var að benda á að það myndi gerast bæði vegna fjölgunar útkalla og vegna hækkunar launa. Þetta er á tíma heimsfaraldursins og þá jókst heimilisofbeldi um allan heim. Árið 2022 var framlag til verkefnisins hækkað. Útköllum fækkaði hins vegar það árið og var rekstarafgangur.

Þegar afgangur var af fjárveitingu til verkefnis rann hann aftur í borgarsjóð.

Tafla 1. Fjárheimildir saman gegn ofbeldi 2015-2025.

Ár	Fjárveiting	Nýtt	Mismunur
2015	45.500.000	35.238.133	10.261.867
2016	44.817.000	40.913.057	3.903.943
2017	44.790.000	42.826.985	1.963.015
2018	44.842.492	43.411.297	1.431.195
2019	44.925.557	43.650.915	1.274.642
2020	39.012.414	51.400.189	-12.387.775

2021	41.097.987	50.946.351	-9.848.364
2022	52.706.883	47.807.257	4.899.626
2023	52.320.000	52.207.000	113.000
2024	52.312.467	45.933.000	6.379.467
2025	55.305.320		
Samtals	517.630.120	454.334.184	7.990.616

Ferlið, í stuttu máli, þegar það eru útköll

- Hringt er í 112. Ef það er útkall vegna heimilisofbeldis kemur lögreglan á staðinn. Ef það er barn eða börn á staðnum þá er einnig kallaður til starfsmaður barnaverndar Reykjavíkurborgar og félagsráðgjafi. Barnaverndarstarfsmaður styður við barnið/börnin en félagsráðgjafinn styður við brotapolu. Ef barn eða börn eru ekki á staðnum en tengd aðilum er það í verklagi að lögregla kalli til þjónustu félagsráðgjafa.
- Símtal við brotapolu næsta virka dag, félagsráðgjafi.
- Ráðgjöf og aðstoð til brotapolu á þjónustumiðstöð.
- Gerandi fær einnig aðstoð og hvatningu til að sækja sér meðferð.

Ráðgjafinn er einnig kallaður til þegar hvorki börn eru á staðnum né börn tengjast aðilum ef heimilisfólk þiggur þá þjónustu.

Rétt er að taka fram að sum „heimilisofbeldismál“ eiga upphaf sitt þegar fólk kemur á lögreglustöð til að tilkynna ofbeldi eða fram kemur í viðtölum við félagsráðgjafa að viðkomandi búi við heimilisofbeldi svo dæmi sé tekið. Þetta verklag lýtur fyrst og fremst að útköllum og þjónustu í kjölfar þeirra. Hins vegar á viðkomandi að fá sömu þjónustu en ferlið er annað.

Upplýsingar um heimilisofbeldi í Reykjavík

Tölulegar upplýsingar um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis í Reykjavík frá upphafi verkefnisins er [að finna á vef borgarinnar](#). Upplýsingarnar eru annars vegar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH) og hins vegar frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Upplýsingarnar eru uppfærðar mánaðarlega.

Vakin er athygli á að í tölfræði lögreglunnar er heildarfjöldi útkalla vegna heimilisofbeldismála í Reykjavík meiri en hjá Reykjavíkurborg. Þessi munur er fyrst og fremst vegna tveggja þátta. Annars vegar koma brotapolar í sumum tilvikum á lögreglustöðina til að tilkynna um heimilisofbeldi og þá er ekki alltaf ástæða til að fá ráðgjafa frá borginni og viðkomandi þiggur ekki alltaf þá þjónustu þótt hún bjóðist. Einnig geta ráðgjafar ekki farið inn á heimili, ef engin börn eru þar, nema með leyfi húsráðenda og þeir vilja ekki alltaf þiggja þessa þjónustu. Tölfræði Reykjavíkurborgar nær yfir þau skipti sem ráðgjafar eru kallaðir til af lögreglunni af því að börn eru á heimilinu og þegar engin börn eru á staðnum en brotapolar/gerendur þiggja aðstoð.

Upplýsingar fyrir brotabola og gerendur á vef borgarinnar


Það hefur verið lögð áhersla að hafa upplýsingar á [vef borgarinnar fyrir brotabola](#), hvert þeir geti leitað og um birtingamyndir ofbeldis. Upplýsingarnar ná yfir landið allt en ekki bara Reykjavík. Einnig eru upplýsingar um það hvert gerendur geti leitað til að fá aðstoð. Þessar upplýsingar eru á íslensku, ensku, pólsku og auðskildu íslensku máli.

Fjöldi útkalla vegna heimilisofbeldis

Verkefnið hófst í janúar 2015. Á því ári varð strax mikil fjölgun útkalla hjá lögreglunni vegna heimilisofbeldis í Reykjavík eða næstum helmingisaukning. Ástæðan fyrir þessari miklu fjölgun er fyrst og fremst þrjúþætt. Ríkislögreglustjóri breytti skilgreiningu á heimilisofbeldi þannig að hún náði yfir fleira en áður, verklag var bætt sem skapaði tiltrú almennings og skráning var bætt. Útköllum fjölgaði fyrstu þrjú árin en árið 2018 fækkaði útköllum um lítillega í Reykjavík, sjá mynd 2.


Fjöldi útkalla sem lögreglan fór í jókst frá ári til árs en fækkaði um 11 árið 2018 miðað við árið á undan. Útköllum fjölgaði síðan aftur 2019 og voru 63 fleiri en árið á undan.

Í febrúarlök 2020 greindist fyrsta Covid tilfellið á Íslandi. Eftir að smitum fjölgaði var gripið til ýmissa varúðarráðstafanna sem snérist m.a. um samkomutakmarkanir og, þar sem að því var viðkomandi, að fólk ynni frá heimilum sínum. Á tímum samkomutakmarkana vegna kórónaveirunnar fjölgaði útköllum vegna heimilisofbeldis. Það gerðist um allan heim þar sem tölfræði er haldin yfir heimilisofbeldi. Útköllum fækkaði svo aftur á árinu 2022, en þá var öllum opinberum sóttvarnaraðgerðum vegna heimsfaraldursins aflétt. Fjöldinn hefur hins vegar farið aftur upp og virðist sú þróun halda áfram ef marka má fjölda útkalla fyrstu sex mánuði ársins 2025.




Mynd 2. Fjöldi útkalla LRH í Reykjavík 2014-2024

Flest útköll vegna heimilisofbeldis verða alla jafna um helgar og fæst um miðja viku, sjá mynd 3.



Mynd 3. Fjöldi útkalla LRH í Reykjavík vegna heimilisofbeldis eftir dögum 2024

Algengast er að þolendur verði fyrir ofbeldi af hendi maka og ef litið er til ársins 2024 voru tengsl geranda og brotþola þau að gerandi var maki í um 44,1% útkalla, næst algengast var að þolandi yrði fyrir ofbeldi af hendi fyrrum maka eða í 23,5% útkalla. Í 16,4% útkalla var um að ræða ofbeldi að hálfu barns í garð foreldris, sá mynd 4. Hér er um börn að ræða sem eru bæði 17 ára og yngri og svo eldri.




Mynd 4. Tengsl geranda og brotþola í útköllum LRH í Reykjavík 2024


Fjöldi útkalla sem borgin hefur farið í vegna heimilisofbeldis

Tölfræði borgarinnar nær yfir þann fjölda útkalla sem starfsfólk á hennar vegum fer í. Tölfræði borgarinnar er kyngreind og hefur verið safnað frá upphafi verkefnisins sem hófst 2015. Eftir að nýtt verklag var tekið upp fara, eins og áður segir, félagsráðgjafar á þjónustumiðstöðvunum og starfsfólk Barnaverndar í útköll í krafti barnaverndarlaga þegar börn eru á heimilinu. Félagsráðgjafar eru einnig kallaðir til þó að börn séu ekki á heimilinu ef málsaðilar eru forsjáraðilar barna. Fólki er boðin aðstoð og stuðningur félagsþjónustunnar og þegar það er þegið koma félagsráðgjafar á staðinn þó engin tengsl séu við börn. Afbakki fólk þjónustuna hefur borgin ekki heimild til að stíga inn.

Útköll sem starfsfólk Reykjavíkurborgar fór í á árinu 2020 voru 228 og fjölgaði um 32 frá árinu áður. Þau voru svo enn fleiri árið 2021 eða 235 en þetta var á tímum heimsfaraldursins. Útköllum fækkar svo eftir að samkomutakmörkunum var aflétt á árinu 2022 en fjölgaði síðan aftur árið 2023, sjá mynd 5 þar sem fjöldi er sýndur eftir kyni gerenda. Mynd 6 sýnir fjölda brotþola eftir kyni og fjölda útkalla samtals.




Mynd 5. Fjöldi útkalla sem Reykjavíkurborg fór í eftir kyni gerenda 2015-2024




Mynd 6. Fjöldi útkalla sem Reykjavíkurborg fór í 2015-2024 eftir kyni brotþola

Kynjahlutfall brotþola og gerenda

Kynjahlutfallið innan hóps gerenda hefur verið svipað þessi tíu ár sem verkefnið Saman gegn ofbeldi hefur verið starfrækt en karlar eru gerendur í 78-87% tilvika en konur í 13-22% tilvika, sjá mynd 7. Kynjahlutfallið snýst við þegar horft er til brotþola en á þessum árum eru konur brotþolar í 74-85% tilvika en karlar í 15-26% tilvika, sjá mynd 8. Þau sem skrá sig kynsegin eða annað eru of fá til þess að það sé birt hér.



Mynd 7. Hlutfall gerenda eftir kyni



Mynd 8. Hlutfall brotþola eftir kyni 2015 – 2024

Hlutfall útkalla borgarinnar af útköllum lögreglunnar

Þar sem Reykjavíkurborg fer einvörðungu í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á staðnum, tengjast málsaðilum eða þegar fólk þiggur þjónustu velferðarsviðs borgarinnar þá eru útköll borgarinnar færri en þau útköll sem lögreglan fer í. Rétt er að taka fram að ekki er alltaf um útköll að ræða því stundum kemur fólk á stöð til að kæra ofbeldi en við þær aðstæður er kölluð til starfsmanneskja barnaverndar ef börn eru í fjölskyldunni og einnig býðst stuðningur félagsráðgjafa þótt börn séu ekki á heimili.

Tafla 2 sýnir fjölda útkalla lögreglu og Reykjavíkurborgar og hlutfall útkalla borgarinnar af þeim útköllum sem lögreglan fer í. Verkefnið hófs 2015 og því eru einungis sýndur fjöldi útkalla lögreglu vegna heimilisofbeldis 2014 en þær upplýsingar eru hafðar með til þess að vekja athygli á mikilli fjölgun útkalla, sbr. skýringar á bls. 4. Að meðaltali þegar horft er til þessara ára hefur Reykjavíkurborg farið á staðinn í 41% tilvika.

Tafla 2. Fjöldi útkalla lögreglu og Reykjavíkurborgar og hlutfall útkalla borgarinnar af þeim útköllum sem lögregla fer í 2015-2024.


Ár	Lögr.	Rvk.	% Rvk. af útköllum lögreglu
2014	208		
2015	392	164	42%
2016	411	195	47%
2017	451	212	47%
2018	440	201	46%
2019	503	196	39%
2020	535	228	43%
2021	551	235	43%
2022	465	186	40%
2023	507	222	44%
2024	536	203	38%

Konur og börn í dvöl í Kvænnaathvarfinu í Reykjavík og fjöldi viðtala

Eitt af því sem endurspeglar stöðuna í tengslum við heimilisofbeldi er fjöldi kvenna og barna sem eru í dvöl í Kvænnaathvarfinu og fjöldi kvenna sem koma í viðtöl í athvarfinu. Kvænnaathvarfið er í Reykjavík og Akureyri, þessar upplýsingar sem settar eru fram hér lúta að Kvænnaathvarfinu í Reykjavík.

Fjöldi kvenna í dvöl í Kvænnaathvarfinu í Reykjavík

Mynd 9 sýnir fjölda kvenna í dvöl 2014 til og með 2024 í Kvænnaathvarfinu í Reykjavík. Að meðaltali dvelja árlega um 130 konur þar.




Mynd 9. Fjöldi dvalarkvenna í Kvennaathvarfinu í Reykjavík 2014-2024

Fjöldi kvenna sem eru í dvöl í Kvennaathvarfinu jókst í upphafi verkefnisins. Þeim fækkaði lítillega árið 2016 þegar miðað er við árið áður en fjölgar síðan aftur árið 2017 um 33 konur. Það sem vekur athygli er að árið 2021 þegar útköllin vegna heimilisofbeldis eru í hámarki þá fækkar konum í dvöl en fjölgar svo aftur árið 2022.

Í ársskýrslu athvarfsins 2024 kemur fram að 35% dvalarkvenna voru íslenskar en 65% dvalarkvenna voru konur af erlendum uppruna. Tengslanet erlendra kvenna er eðli málsins samkvæmt minna hér á landi en íslenskra kvenna og þurfa þær því frekar að vera í dvöl í Kvennaathvarfinu en íslenskar konur sem geta margar dvalið tímabundið hjá vinum og/eða ættingjum.

Fjöldi kvenna og barna sem kemur í viðtöl í Kvennaathvarfinu

Mynd 9 sýnir einvörðungu þann fjölda kvenna sem dvelur í athvarfinu en mun fleiri sækja þangað ráðgjöf og stuðning, bæði í síma og viðtölum, sjá mynd 10.



Mynd 10. Fjöldi viðtala við konur og börn í dvöl og konur utan dvalar

Viðtölum fjölga árin 2021 og 2022, á tímum samkomutakmarkana, eins og sjá má á mynd 9, og eru rúmlega helmingi fleiri en árið 2019, áður en samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldursins komu til sögunnar. Fjöldi árlegra viðtala heldur svo áfram að aukast árið 2023 og 2024.


Ef horft er til síðustu 10 ára þá hefur viðtölum fjölgað um 255% á síðustu 10 árum. Kvennaathvarfið veitir einnig viðtöl í Bjarkarhlíð og eru þau viðtöl inni í tölunum eftir stofnun Bjarkarhlíðar, árið 2017. Stofnun Bjarkarhlíðar jók fjölbreytni í þeim leiðum sem konur geta nýtt sér og skýrir e.t.v. að hluta þessa fjölgun en ekki einvörðungu þar sem fjöldi viðtalanna t.d. árið 2024 sem tekin voru í Bjarkarhlíð voru 376, en ef þau eru dregin frá fjölda viðtala árið 2024 eru viðtölin 1.425 sem er rúmlega helming aukning á 10 árum.

Bjarkarhlíð þjónustar öll kyn en ráðgjafar Kvennaathvarfsins sem taka viðtöl þar þjónusta konur en aðrir ráðgjafar þjónusta öll önnur kyn.

Á meðan meirihluti kvenna í dvöl eru af erlendum uppruna þá er meirihluti þeirra kvenna sem nýta sér viðtalsþjónustu Kvennaathvarfsins íslenskar eða 75%

Fjöldi barna í Kvennaathvarfinu

Það dvelja ekki bara konur í athvarfinu heldur dvelja einnig börn í athvarfinu. Að meðaltali bjuggu 92 börn í athvarfinu frá árinu 2014 til og með 2024, sjá fjölda barna eftir árum á mynd 11.




Mynd 11. Fjöldi barna í Kvennaathvarfinu í Reykjavík 2014 til 2024

Gerendur og brotapolar


Tölfræðin sem er kynnt hér er byggð á tölfræði sem Reykjavíkurborg hefur safnað frá því að verkefnið hófst 2015.

Aldur og kyn gerenda

Flestir gerendur eru á aldursbilinu 30-39 ára eins og sjá má á mynd 12 þar sem sýndur er samanlagður fjöldi útkalla eftir kyni og aldri gerenda frá 2015-2024 og á mynd 13 þar sem sýndur er fjöldi gerenda eftir kyni og aldri árið 2024. Næst flestir gerendur eru á aldursbilinu 40-49 ára.




Mynd 12. Samanlagður fjöldi útkalla tímabilið 2015-2024 eftir kyni gerenda og aldursbilum



Mynd 13. Fjöldi útkalla sem Reykjavíkurborg fór í 2024 eftir kyni og aldri gerenda


Aldur og kyn brotaþola

Flestir brotaþolar í útköllum eru á aldursbilinu 30-39 ára og hefur það ekki breyst frá þeim tíma sem verkefnið hófst. Á mynd 14 er samanlagður fjöldi útkalla 2015-2022 eftir aldursbilum og kyni. Það eru oft fleiri en eitt útkall vegna sama brotaþola þannig að þetta segir ekki til um fjölda þeirra einstaklinga sem eru brotaþolar. Reykjavíkurborg fór samanlagt í 612 útköll á þessum árum eða frá 2015-2022.




Mynd 14. Samanlagður fjöldi útkalla 2015-2024 eftir kyni brotaþola og aldursbilum

Mynd 14 sýnir fjölda útkalla eftir aldursbilum og kyni brotaþola á síðasta ári eða árið 2022. Flestir brotaþolar eru á aldursbilinu 30 til 39 ára en næst flestir á aldursbilinu 40-49 ára.



Mynd 15. Fjöldi útkalla sem Reykjavíkurborg fór í 2024 eftir kyni og aldri brotaþola


Eina árið þar sem fleiri brotaþolar eru karlar í ákveðnum aldurshópi var árið 2021 þegar 15 karlar voru brotaþolar en 5 konur í hópnum 60 ára og eldri, sjá mynd 16.




Mynd 16. Fjöldi útkalla borgarinnar 2015-2024 þegar brotapolar eru 60 ára og eldri

Fjöldi gerenda og brotapola eftir íslensku og erlendu ríkisfangi og kyni

Á mynd 17 eru settar fram upplýsingar um fjölda gerenda eftir íslensku/erlendu ríkisfangi og á mynd 18 eru upplýsingar um fjölda brotapola eftir íslensku/erlendu ríkisfangi.




Mynd 17. Fjöldi gerenda eftir kyni og íslensku/erlendu ríkisfangi 2015-2024




Mynd 18. Fjöldi brotaþola eftir kyni og íslensku/erlendu ríkisfangi 2015-2024

Þegar skoðað er hlutfall gerenda, karla og kvenna með íslenskt ríkisfang og erlent ríkisfang kemur í ljós að hlutfall gerenda og brotaþola með erlent ríkisfang er hærra en þýðið ætti að gefa til kynna sjá mynd 19 og 20.



Mynd 19. Hlutfall karla og kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang af þýðinu í Reykjavík og hlutfall gerenda með íslenskt ríkisfang og erlent eftir kyni árið 2024




Mynd 20. Hlutfall karla og kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang í Reykjavík og hlutfall brotaþola með íslenskt ríkisfang og erlent eftir kyni árið 2024


Fatlað fólk og ofbeldi – útköll borgarinnar

Í útköllum velferðarsviðs er safnað upplýsingum um það hvort brotapolar og gerendur eru fatlaðir eða ófatlaðir. Þetta er mat hverju sinni. Þar sem fötlun er ekki alltaf sýnileg má ætla að það séu fleiri í þessum hópi en skráð er.

Árið 2024 var það metið svo að ellefu gerendur væru fatlaðir, allt karlar. Sjö brotapolar voru metnir fatlaðir þar af fimm konur og tveir karlar.



Mynd 21. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra gerenda eftir kyni í útköllum borgarinnar 2024



Mynd 22. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra brotapola eftir kyni í útköllum borgarinnar 2024


Hinsegin gerendur og brotapolar

Árið 2019 hófst skráning á því hvort gerendur og brotapolar væru hinsegin eða ekki. Þessar upplýsingar voru ekki birtar í fyrstu en eftir samráð við Samtökin '78 – Félag hinsegin fólks á Íslandi var tekin ákvörðun um að birta þær.


Upplýsingunum er safnað til að geta greint hvort fjöldi heimilisofbeldismála þar sem gerandi eða þolandi er hinsegin sé í samræmi við þann fjölda einstaklinga sem talinn er vera hinsegin í samfélaginu. Ljóst er að skráningin endurspeglar það ekki og er það áhyggjuefni. Það virðist vera að fólk í hinsegin samböndum veigri sér við að tilkynna um ofbeldi í meira mæli en þau sem eru gagnkynhneigð. Fyrir þessu gætu verið ýmsar ástæður m.a. þær að hinsegin fólk hefur lengi þurft að berjast fyrir réttindum sínum og finnst það jafnvel varpa rýrð á hinsegin samfélagið að viðurkenna að heimilisofbeldi þrífist líka innan þess.

Samtökin '78 leggja mikla áherslu á að halda utan um upplýsingar og horfast í augu við stöðuna ásamt því að fræða um heimilisofbeldi og afleiðingar þess.

Ljóst er af upplýsingunum sem safnað er, sjá mynd 23 og 24 að bæta þarf þessa skráningu.




Mynd 23. Fjöldi hinsegin gerenda 2019-2024



Mynd 24. Fjöldi hinsegin brotþola 2019-2024

Tengsl gerenda og brotþola


Öll árin sem verkefnið hefur verið starfrækt verða flest fyrir ofbeldi af hálfu maka eða kærasta/kærustu. Árið 2024 var næst fjölmennasti hópurinn, sem Reykjavíkurborg fór í útköll vegna, börn sem beita ofbeldi foreldra sína ofbeldi, sjá mynd 25.



Mynd 25. Tengsl gerenda og brotaþola, ofbeldi af hálfu hvers eftir kyni brotaþola 2024 í útköllum borgarinnar

Í sjö ár af þessum tíu sem verkefnið hefur verið starfrækt hefur annar fjölmennasti hópurinn verið fyrrum maki kærasti eða kærasta. Það segir okkur að þrátt fyrir að brotaþoli slíti sambandi við geranda þá heldur ofbeldið oft áfram.


Í þrjú ár af þessu tíu hefur þriðji fjölmennasti hópur gerenda verið börn sem beita foreldra ofbeldi, sjá mynd 22. Tekið skal fram að hér er um börn á ýmsum aldri að ræða þ.e. þau eru alltaf börn brotaþola þótt þau hafi náð fullorðinsaldri.



Mynd 26. Tengsl gerenda og brotaþola í útköllum Reykjavíkurborgar. Ofbeldi af hálfu hvers eftir kyni brotaþola 2015-2024 í útköllum borgarinnar. Þrír stærstu „hóparnir“

Börn á öllum aldri sem beita foreldra sína ofbeldi

Þegar þessi hópur, börn sem beita foreldra ofbeldi er greindur eftir kyni kemur í ljós að öll árin eru konur fjölmennari. Kynjahlutfallið er þannig að konur eru 76% og karlar 24% þeirra sem beita foreldra ofbeldi á þessum 10 árum.




Mynd 27. Fjöldi útkalla Reykjavíkurborgar vegna barna á öllum aldri sem beita foreldra ofbeldi greint eftir kyni


Þessi hópur er hér á eftir brotinn niður eftir aldri og kyni, þ.e. börn sem beita foreldra ofbeldi og eru 17 ára og yngri og börn sem beita foreldra ofbeldi og eru 18 ára og eldri.

Í þessum 340 útköllum sem farið var í á þessum 10 árum vegna barna sem beita foreldra sína ofbeldi voru 46% þeirra vegna barna sem voru 17 ára og yngri en 54% vegna þeirra sem voru 18 ára og eldri.

Í báðum aldurshópum eru konur fjölmennari en karlar, sjá mynd 28 og mynd 29.




Mynd 28. Fjöldi útkalla vegna barna 17 ára og yngri, kyngreint, sem beita foreldra ofbeldi



Mynd 29. Fjöldi útkalla vegna „barna“ 18 ára og eldri sem beita foreldra ofbeldi, eftir kyni gerenda

Í hópnum sem er 18 ára og eldri og borgin hefur farið í útkall vegna ofbeldis sem foreldrar eru beittir þá eru konur 70% en karlar 30% og í hópnum sem er 17 ára og yngri eru stúlkur 84% og drengir 16%. Þetta er mjög frábrugðið kynjahlutfalli í öðrum hópum þegar litið er til tengsla á milli brotaþola og gerenda.




Mynd 30.

Tegund ofbeldis

Í útköllum borgarinnar er greint eftir kyni um hvers konar ofbeldi er að ræða. Það getur verið um fleira en eina tegund af ofbeldi að ræða hverju sinni. Algengast er andlegt ofbeldi og líkamlegt ofbeldi fylgir þar fast á eftir, sjá tegund ofbeldis eftir kyni brotþola á mynd 31.


Þegar verkefnið hófst fyrir tíu árum var algengast að líkamlegt ofbeldi væri tilgreint. Breytingin þarna endurspeglar eflaust aukinn skilning á andlegu ofbeldi og afleiðingum þess.



Mynd 31. Tegund ofbeldis eftir kyni brotþola 2024 í útköllum borgarinnar

Ofbeldi eftir fjölskyldugerð brotþola

Þegar horft er til fjölskyldugerðar brotþola þá verða einhleypar mæður oftast fyrir ofbeldi eins og sjá má á skifuritinu hér fyrir neðan. Þetta breytist lítið frá ári til árs. Einhleypar mæður/konur eru 47% brotþola 2024.



Mynd 32. Fjöldi brotþola og hlutfall eftir fjölskyldugerð 2024

Börn og heimilisofbeldi

Í verkefninu er lögð sérstök áhersla á hóp sem eru í viðkvæmri stöðu m.a. börn. Auk félagsráðgjafa velferðarsviðs fer starfsfólk barnaverndar í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið með viðtölum sálfræðings sem geta verið allt frá einu upp í tíu viðtöl eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Jafnvel þótt börn verði ekki sjálf fyrir líkamlegu ofbeldi fara þau ekki varhluta af því. Þau börn sem búa á heimilum þar sem heimilisofbeldi á sér stað sýna sömu einkenni kvíða og þunglyndis og börn sem sjálf hafa orðið fyrir ofbeldi og íslenskar rannsóknir sýna að börn sem búa við heimilisofbeldi vita alltaf af ofbeldinu þrátt fyrir að foreldrar/forsjáraðilar telji sér trú um annað. Í þessu ljósi telst það vera ofbeldi gegn börnum þegar ofbeldi er á heimilinu.

Í þau tíu ár sem Reykjavíkurborg hefur safnað upplýsingum um heimilisofbeldi þá hafa börn verið á vettvangi í útkalli að meðaltali í 60% til 67% tilvika og með lögheimili í 65% tilvika.

Tafla 3. Hlutfall barna á vettvangi í útköllum og með lögheimili á vettvangi 2015 til 2024.

Ár	Börn á vettvangi	Börn með lögheimili á vettvangi
2015	62%	71%
2016	67%	71%
2017	66%	68%

2018	58%	68%
2019	55%	63%
2020	61%	69%
2021	59%	60%
2022	53%	56%
2023	62%	64%
2024	53%	59%
Meðaltal	60%	59%

Tölulegar upplýsingar um verkefnið eru birtar í hverjum mánuði á vefsvæði borgarinnar, [bæði upplýsingar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg](#).

Skýrslur og tillögur starfshópa

Síðan verkefnið **Saman gegn ofbeldi** hófst hafa verið settir á fót fimm starfshópar til að setja fram tillögur um það hvernig betur megi þjónusta ákveðna hópa sem verða fyrir heimilisofbeldi og hvernig sé hægt að vekja athygli á sérstöðu þeirra. Hér á eftir eru upplýsingar um vinnuhópana.

Unnið hefur verið að því að fylgja eftir þeim tillögum sem hóparnir hafa sett fram alltaf þegar því verður við komið.

Einnig hafa verið haldnir fundir með hagaðilum til að fara yfir hvað betur má fara í þjónustu við hvern og einn hóp.

Fatlað fólk og ofbeldi

Settur var á fót starfshópur sem hafði það hlutverk að finna leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir. Í hópnum átti sæti fatlað fólk og einstaklingar sem eru með þekkingu á málefnum út frá ólíkum sjónarhornum.

Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum 16. febrúar 2015 sem má finna [á vefsíðu borgarinnar](#).

Til þess að sporna gegn ofbeldi gagnvart fötluðu fólki hefur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa haldið fræðslu fyrir allt starfsfólk á búsetukjörnum, sambýlum og í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu um ofbeldi og fatlað fólk en starfshópurinn lagði áherslu á að það yrði gert. Einnig hefur verið gefinn út myndrænn bæklingur, [Hvað gerðist?](#)

Að lokum hafa, í samráði við velferðarsvið, verið útbúnir verkferlar í þeim málum þegar grunur vaknar um ofbeldisbrot starfsmanns gagnvart fötluðum einstaklingi. Verkferlarnir eru fyrir alla búsetukjarna, sambýli og skammtímaðanir ásamt vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu.

Búið er að vinna rafrænt fræðsluefni um fatlað fólk og ofbeldi og á allt starfsfólk sem ráðið er til að vinna með fötluðu fólki að tileinka sér fræðsluefnið og svara spurningum úr því.

Einnig var, í byrjun árs 2023, dreift plakatinu *Þarft þú hjálp?* á alla búsetukjarna fyrir fatlað fólk (sjá bls. 29).

Innflytjendur og ofbeldi

Hlutfall brotaþola með erlent ríkisfang heldur en hærra en þýðið ætti að segja til um.

Skipaður var starfshópur til að finna leiðir til að ná til innflytjenda með upplýsingar um ofbeldi og kortleggja hvert sé hægt að leita verði viðkomandi fyrir ofbeldi. [Tillögur hópsins eru á vefsíðu borgarinnar.](#)

Lögð hefur verið áhersla á að bæta upplýsingar til innflytjenda, þýða upplýsingaefni á ensku og pólsku og nýta túlkun með markvissari hætti en áður.

Hinsegin fólk og ofbeldi

Í verkefninu **Saman gegn ofbeldi** hefur einnig ofbeldi og hinsegin fólk verið til skoðunar og setti starfshópur fram tillögur um leiðir til að sporna gegn því. Í starfshópnum var einvörðungu fólk sem er hluti af hinsegin samfélaginu. Komið hefur verið á góðri samvinnu við Samtökin '78 og hefur stjórnarfolk þar og fræðslufulltrúi fengið fræðslu um verkefnið. Haldið var erindi á Hinsegin dögum og á aðalfundi Samtakanna '78 um heimilisofbeldi og hinsegin fólk. Búið er að fara á allar miðstöðvar Reykjavíkurborgar með fræðslu um heimilisofbeldi og hinsegin fólk. Eftir hverja fræðslu var komið á einum tengilið inni á hverri þjónustumiðstöð sem hefur þekkingu og reynslu af hinsegin samfélaginu og ber sérstaka ábyrgð á þessum málaflokki. Einnig hefur verið farið á allar lögreglustöðvar. Bæklingur um hinsegin fólk og heimilisofbeldi hefur verið gefinn út.

[Skýrsla hópsins er á vef borgarinnar](#)

Aldrað fólk og ofbeldi

Verkefnahópur vann stöðumat og setti fram tillögur um leiðir til að sporna gegn ofbeldi meðal aldraðra. Unninn hefur verið bæklingur um heimilisofbeldi og aldrað fólk sem er til á íslensku/ensku og íslensku/pólsku. Útgáfan hlaut styrk frá félagsmálaráðuneytinu vegna aðgerða gegn ofbeldi árið 2020 fyrir prentun og dreifingu á bæklingnum. Heilsugæslan var hvött til að útbúa verklag þegar grunur vaknaði um ofbeldi og efla starf sitt á þessu sviði.

[Skýrsla hópsins er á vef borgarinnar.](#)

Heimilislaut fólk og ofbeldi

Í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024 fól ein aðgerð í sér að greina stöðu heimilislauss fólks í tengslum við ofbeldi. Heimilislaut fólk með fjölþættan vanda er í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart ofbeldi og misnotkun. Settur var á fót starfshópur til að fara yfir stöðu þeirra og gera tillögur að úrbótum. Í starfshópnum sat fólk með þekkingu á stöðu heimilislauss fólks í borginni og með þekkingu á heimilisofbeldi. Haldnir voru fundir með fulltrúum Rótarinnar, Konukots og Frú Ragnheiðar.

Tillögur starfshópsins voru sjö og þrjár þeirra falla undir Saman gegn ofbeldi: Tryggja að sama verklagi sé fylgt í öllum útköllum vegna heimilisofbeldis sama þó um heimilislaut fólk sé að ræða, koma á formlegu samráði milli aðila sem mæta þolendum heimilisofbeldis sem glíma við heimilisleysi, hvetja til fræðslu um áfallamiðaða þjónustu og skaðaminnkandi nálgun í lögreglunámi og bæta skráningu lögreglu á brotapolum og gerendum sem eru heimilislausir.

[Skýrsla hópsins er á vef borgarinnar.](#)

Fræðsla á vegum verkefnisins

Fjöldmargir fræðslufundir hafa verið haldnir með þátttakendum í verkefninu, þ.e. með félagsráðgjöfunum sem fara í útköll og sálfræðingunum sem sjá um viðtöl við börn sem búa við heimilisofbeldi, starfskonum Kvennaathvarfsins og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúum Heilsugæslunnar. Fræðslunni sinna bæði aðilar sem eru þátttakendur í verkefninu en einnig eru fengnir aðrir aðilar til að sjá um hana.

Fræðsla um verkefnið hefur verið haldin á fjölmörgum vinnustöðum borgarinnar og í ýmsum nefndum og ráðum á vegum borgarinnar og á vegum Jafnréttisstofu fyrir sveitarfélögin.

Hjúkrunarfræðinemar við Háskóla Íslands hafa undanfarin ár einnig hlotið fræðslu um **Saman gegn ofbeldi** og hefur sérstök áhersla verið lögð á fatlað fólk og ofbeldi sem og hinsegin fólk og heimilisofbeldi. Einnig hefur verið rafræn fræðsla fyrir hjúkrunarfræðinema um aldrað fólk og ofbeldi.

Þau sem vinna að þessu verkefni eru ævinlega tilbúin til að mæta á fræðslufundi eða leggja vinnu gegn ofbeldi lið með hvaða hætti sem hentar.

Útgáfa á vegum verkefnisins

Ýmsir bæklingar, veggspjöld og fleira hefur verið gefið út á vegum verkefnisins og eru allir bæklingar aðgengilegir á netinu og er öllum frjálst að nota þá.

Saman gegn ofbeldi – bæklingur

Þetta er bæklingur um birtingamyndir heimilisofbeldis, þar er að finna upplýsingar um það hvar er hægt að leita sér aðstoðar og í honum eru upplýsingar um vinnulagið í verkefninu. Þar er einnig fjallað um börn og ofbeldi, innflytjendur og ofbeldi, fatlað fólk og ofbeldi, konur á meðgöngu og ofbeldi og hinsegin fólk og ofbeldi. [Bæklingurinn er á íslensku, ensku og pólsku.](#) Hann er á vefsíðu borgarinnar og er einnig til prentaður.



Áhrif heimilisofbeldis á börn



Bæklingurinn er um áhrif heimilisofbeldis á börn. Hann er skrifaður af sálfræðingum Barnaverndar Reykjavíkur og gefinn út af verkefninu **Saman gegn ofbeldi**. Hann er samhliða á íslensku og ensku og íslensku og pólsku. Hann er til prentaður og hann er að finna á [vefsíðu borgarinnar](#).

Við hjálpum, „nafnspjöld“

Velferðarráðuneytið gaf út handhægt kort í sömu stærð og nafnspjald með fyrirsögninni; „Við hjálpum“. Reykjavíkurborg fékk leyfi til að nota það og hefur upplýsingum um þjónustumiðstöðvar borgarinnar verið bætt við. Kortið er á fimm tungumálum; íslensku, ensku, pólsku, rússnesku og taílensku. Á kortinu eru upplýsingar sem nýtast brotaþolum og gerendum. Kortinu er ætlað að leiðbeina konum sem þurfa aðstoð vegna ofbeldis á heimili eða kynferðislegs ofbeldis um hvar þær geta leitað sér hjálpar.

Við og börnin okkar



Við og börnin okkar er bæklingur sem er í rafrænni útgáfu á [vef borgarinnar](#). Bæklingurinn var upphaflega gefinn út með styrk frá velferðarráðuneytinu 2014 og hefur verið uppfærður nokkrum sinnum síðan. Í honum eru ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra/forsjáaraðila og aðstandendur barna sem flutt hafa til Íslands, m.a. um barnauppeldi, foreldrahlutverkið og annað sem viðkemur skyldum foreldra og réttindum barna. Bæklingurinn hefur verið uppfærður tvisvar af

sérfræðingi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í innflytjendamálum og verkefnisstjóra **Saman gegn ofbeldi** og er nýjasta útgáfan frá 2023.

Hvað gerðist?

Þetta er bæklingur sem hægt er að nota til stuðnings í fyrsta samtali ef grunur vaknar um að fatlaður einstaklingur hafi verið beittur ofbeldi. Bæklingurinn getur hentað sérstaklega vel í samtölum við fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu og hefur bæklingnum verið dreift til starfsstaða þar sem unnið er með fötluðu fólki en hann er einnig á vefsíðu borgarinnar. Það getur verið erfitt fyrir fatlaða einstaklinga að greina frá ofbeldi og er bæklingurinn verkfæri til að auðvelda samtal um það. Hægt er að nýta hann til þess að spyrja út í hvað hafi gerst, hvernig viðkomandi líði og til að vekja athygli á því hvernig og hvar hægt sé að leita sér aðstoðar.



Bæklingurinn sýnir ýmis tákn sem auðvelda þólanda að segja frá. Hér eru tákn um mögulegan geranda.

Honum hefur verið dreift til allra sambýla og íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Reykjavík sem og til allra þjónustumiðstöðva í borginni. Bæklingurinn er prentaður til að auðvelda notkun í viðtölum en er einnig á [vef borgarinnar](#) ásamt leiðbeiningum um notkun og á vef Stígamóta.

Hinsegin fólk og heimilisofbeldi

Bæklingurinn er um birtingamyndir heimilisofbeldis í hópi hinsegin fólks og hinsegin börn og ungmenni. Einnig er tilgreint hvar er hægt að fá stuðning og ráðgjöf. Í bæklingnum er einnig fjallað um áhrif heimilisofbeldis á fólk sem tilheyrir öðrum minnihlutahópum.

Bæklingnum hefur verið dreift á stofnanir Reykjavíkurborgar, til lögreglunnar, á hinsegin félög, sveitarfélög og stofnanir víðs vegar um landið, en verkefnið hlaut styrk frá félagsmálaráðuneytinu vegna aðgerða gegn ofbeldi árið 2020 fyrir prentun og dreifingu á bæklingnum. Bæklingurinn er gefinn út á prenti en er einnig á [vef borgarinnar](#)



Veggspjöld



Í upphafi verkefnisins var hannað veggspjald til að hengja upp á þjónustumiðstöðvum borgarinnar, lögreglustöðvum og heilsugæslustöðvum.

Veggspjaldinu er ætlað að sýna að á þessum stöðum sé talað um ofbeldi og boðin aðstoð ef fólk þarf á að halda. Veggspjaldið auðveldar einnig starfsfólki að hefja samtal um ofbeldi.

Annað veggspjald var gert í upphafi heimsfaraldurs Covid-19(2020) þar sem lögð var áhersla á að birta upplýsingar um hvar væri hægt að leita aðstoðar og að við værum öll hluti af ofbeldisvörnum. Veggspjaldinu var dreift í stórmarkaði og apótek á höfuðborgarsvæðinu.



Veggspjaldi með yfirskriftinni *þarft þú hjálp* var dreift með heimsóknnum í alla íbúðakjarna borgarinnar. Framsetning og efni þess var hannað með fatlað fólk sérstaklega í huga.

Þarft þú hjálp?

Þáttfærsla-gæsla fatlaðu fólka getur hjálpað þér. Hjá þáttfærsla-gæslu fatlaðu fólka vinur fólk sem á að hlýða tilfaluðu fólki.

Þau hlýða tilfaluðu fólki að fá netindi sín og gefa góð ráð.

Þú getur hringt í þau í síma 864-8100. Þú getur líka sent þeim tölvu-pósti á net-fangb postur@nettingalesta.is.

Ert þú í hættu?

Hringdu í síma 112 ef þú ert í hættu. Þú getur líka sýtt þér á heimasíðunni 112.is.

Hefur þú orðið fyrir ofbeldi?

Þú getur fengið hjálp.

Stíga-mót

A Stíga-mótum vinur fólk sem hlýðir þeim sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Þar er líka hægt að tala við lögregluna.

Síminn er 862-8888. Tölvu-pósturinn er stigma-mot@stigma.is.

Spjorkar-húsið

Í Spjorkar-húsi vinur fólk sem hlýðir þeim sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Þar er líka hægt að tala við lögregluna.

Síminn er 863-3000. Tölvu-pósturinn er spjorkar-husid@spjorkar-husid.is.

Kvenna-athvarfið

Kvenna-athvarfið er öflugur staður fyrir konur og börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Þetta hjálpar þér.

Síminn er 861-1208. Tölvu-pósturinn er kvennaathvarf@kvennaathvarf.is.

Reykjavíkurborg

Austur-miðstöð

Síminn er 471-1600. Tölvu-pósturinn er austurmidstod@reykjavik.is.

Meirur-miðstöð

Síminn er 471-1600. Tölvu-pósturinn er meirurmidstod@reykjavik.is.

Suður-miðstöð

Síminn er 471-1300. Tölvu-pósturinn er suðurmidstod@reykjavik.is.

Vestur-miðstöð

Síminn er 471-1600. Tölvu-pósturinn er vesturmidstod@reykjavik.is.

Liður þér svo illa að þú hugsar um að meiða þig?

Liðið þitt er dýrskött og þú getur fengið aðstoð ef þér líður illa.

Þetta samtökin

Þetta samtökin hlýða fólki sem vill meila þig eða langar að dreypa. Þú getur alltaf hringt í þau, sama hvern þú ert nótt eða dagur.

Síminn er 592-2216. Tölvu-pósturinn er pieta@pieta.is.

Fatlað fólk fær hjálp á öllum þessum stöðum. Hjálpin er ókeypis og fyrir allt fatlað fólk.

Reykjavík

Veggspjald sem prentað var í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og sýnir tímalínu morða í heimilisofbeldismálum. Tímalínan byggir á rannsóknum Dr. Jane Monckton Smith en rannsóknir hennar sýna að morð í nánnum samböndum fylgja ákveðnu munstri eða tímalínu. Mikilvægt er að hafa í huga að „tröppugangurinn“ er ekki alltaf línulegur heldur getur gerandi aftur farið neðar í tröppuna og svo upp aftur. Mikilvægt er að nýta þessa upplýsingar/þekkingu til að koma í veg fyrir morð.

Tímalína morða í heimilisofbeldismálum

Ef þú telur þig í lífshættu, vinsamlegast hafðu samband við lögreglu í síma 112.

1 Fyrri saga

Gerandinn á oft sögu um að hafa þétt ofbeldi eða nauðungarstjórnum í fyrri samböndum, t.d. elthrelli, þó málin hafi ekki endilega rætt á höfuð lögreglu. Þó hafi verið að slíkum söknum en leggja ekki endilega trúnað á þær.

2 Byrjun sambands

Sambandið þróað hvarf í byrjun, ástæðir eru settar fram nánari í upphafi sambands. Tölvu-pósturinn er byrjun@byrjun.is eða barn samur undir ábyrgðinni gerir fjóðlega velt við sig og gerandi lítur á þolanda sem sine einkaögn.

3 Sambandið

Sambandið einkennist af nauðungarstjórnum sem tekur á sig ynnar myndir og þar verulega merki þessa þetta sem benda til aukinnar áhættu t.d. hóttana, elthrelli/umsatna, ofbeldi, kynferðisleg ágreini, einangrun þolanda, elthrelli o.fl.

4 Kvæikjör (triggerar)

Kvættan eykt. Elthvad gerist sem ógnar valdi/stjórnum gerandi. Önnar tengir það sambandið tilfaluðu fólki eða möguleika á slíku. Það getur einnig verið hálubrestur (líkamleg eða andleg veikindi) eða fjárhagsvandamál.

5 Stigmögnun

Nauðungarstjórnum verður algengari eða tekur á sig alvarlegri myndir, s.s. með hótunum um lífið eða sjálfið, auknu ofbeldi, þráttum og elthrelli. Reynt er að fæsta stjórnumna áttur í sessi með slíkum ráðum.

6 Breytt hugsun/dráphugmyndir

Gerandi er að missa tökinn þar sem ekki er lengur hægt að „jaga“ sambandið. Löngun til að hefna sín og eða smíðing um að vera óskilinn bettur/murðaragður getur haft áhrif á viðbrögð hans, þ.e. hvort hann heldur áfram með lífi sitt og stíofnar til nýs sambands, hefur sín eða fæstur mögulega morð.

7 Skíplagning

Hegar ákvörðun hefur verið tekin um að dreypa þolanda getur gerandi fandi að skíplagninga verknaðum. Þar getur fallist að kaupa vopni, leita tækifæra til að geta nálgast þolanda á heimili, eða verður hana, umsatna/álthrelli og hótana.

8 Morð

Birtingamyndir þess geta verið, auk gríðarlegs ofbeldis sem andarspælingu með þessu, sjálfsvíg, óskilinn andlát, mannshvöld, mörg fómáritömb (þ.m.t. börn).

Reykjavík

Mat á verkefninu

Unnið var áfangamat á verkefninu af RIKK-Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum birt í október 2016. Matið byggði m.a. á djúpvíðtölum við þolendur, viðtölum við lykilstarfsfólk og rýnihópum lögreglu og starfsfólks miðstöðva borgarinnar og barnaverndar Reykjavíkur. Í matinu kom fram að lögreglunni finnst mikill kostur að hafa félagsráðgjafa með í útköllum vegna heimilisofbeldismála og félagsráðgjafarnir bera virðingu fyrir störfum lögreglunnar við erfiðar aðstæður. Þá kom einnig fram að mikil ánægja var með starf Barnaverndar Reykjavíkur á vettvangi en sérfræðingar á vegum Barnaverndar sinna börnum á vettvangi. Fram kom einnig að miklu hefur verið áorkað, verklag bætt, og þekkingar aflað m.a. er tölfraði safnað sem er mikilvægt til að geta metið stöðu mála út frá staðreyndum.

Í matinu er einnig að finna tillögur til úrbóta s.s. að bæta eftirfylgni mála. [Matið er á vefsíðu borgarinnar.](#)

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð fól Kristínu A. Hjálmarsdóttur að vinna úttekt á ofbeldisvarnarmálum hjá Reykjavíkurborg. Í úttektinni dags. í apríl 2023 kemur eftirfarandi fram

„Í Saman gegn ofbeldi hefur áhersla verið lögð á kynjasjónarmið, samþættingu við mannréttindastefnu borgarinnar og stöðu jaðarsettra hópa og annarra í viðkvæmri stöðu gagnvart heimilisofbeldi og fjölþættri mismunun. Verkefnið er í sífelldri þróun og verklagið nú samræmt fyrir öll útköll og tilkynningar vegna heimilisofbeldis hvernig sem þau koma inn á borð hjá lögreglunni eða velferðarsviði.“ (Bl. 9).

Einnig kemur fram í úttektinni að með auknu og markvissara samtali hafi tekist að stilla saman strengi þjónustuaðila og skilgreina betur markmið í hverju tilfelli. [Sjá úttekt á vef borgarinnar.](#)

Verið er að vinna mat á verkefninu um þessar mundir, ágúst 2025.

Lokaorð

Verkefnið ***Saman gegn ofbeldi*** hefur mætt miklum stuðningi kjörinna fulltrúa og starfsfólks borgarinnar í þau 10 ár sem það hefur verið starfrækt. Í upphafi var því hleypt af stokkunum sem átaksverkefni en er nú verklag sem hefur verið fest í sessi. Sá góði árangur sem hefur náðst, sbr. úttekt RIKK og Kristínar A. Hjálmarsdóttur, má m.a. þakka þéttni og góðu samstarfi þeirra aðila sem koma að verkefninu bæði innan borgar og utan og öflugum starfsfólki.

Þetta verkefni hefur verið í stöðugri þróun og það þarf alltaf að vera vakandi fyrir því hvað er hægt að gera betur og það er t.d. ljóst að gera þarf betur í þjónustu við innflytjendur og vinna þarf með hópinn sem beitir foreldra sína ofbeldi og leggja meiri áherslu á þjónustu við fatlað fólk í tengslum við ofbeldi.

Leggja þarf áherslu á skilvirkt verklag sem felur í sér góða þjónustu við brotabola og börn og möguleika á meðferð fyrir gerendur, senda þarf skilaboð um að ofbeldi sé ólíðandi, bæta þarf lagasetningu m.a. til að auðvelda samstarf og allir sem koma að ofbeldismálum þurfa að vinna þétt saman og af heilindum.

Síðast en ekki síst þarf að ná jafnrétti á öllum sviðum því samfélag sem greiðir konum lægri laun fyrir sömu eða sambærilega vinnu en körlum, lætur klám, vændi og hatursorðræðu í garð kvenna og

jaðarhópa viðgangast og lítur framhjá mansali er ekki samfélag þar sem jafnrétti ríkir. Þar sem ójöfnuður ríkir, þar þrífst ofbeldi.

Það er mikilvægt fyrir alla að missa aldrei sjónar á takmarkinu; að útrýma ofbeldi til hagsbóta fyrir öll.

Skrá yfir myndir og töflur

Mynd 1. Lögð er áhersla á þá hópa sem mannréttindastefnan tekur til.....	3
Mynd 2. Fjöldi útkalla LRH í Reykjavík 2014-2024.....	5
Mynd 3. Fjöldi útkalla LRH í Reykjavík vegna heimilisofbeldis eftir dögum 2024	6
Mynd 4. Tengsl gerenda og brotþola í útköllum LRH í Reykjavík 2024	6
Mynd 5. Fjöldi útkalla sem Reykjavíkurborg fór í eftir kyni gerenda 2015-2024	7
Mynd 6. Fjöldi útkalla sem Reykjavíkurborg fór í 2015-2024 eftir kyni brotþola	7
Mynd 7. Hlutfall gerenda eftir kyni	8
Mynd 8. Hlutfall brotþola eftir kyni 2015 – 2024	8
Mynd 9. Fjöldi dvalarkvenna í Kvennaathvarfinu í Reykjavík 2014-2024.....	10
Mynd 10. Fjöldi viðtala við konur og börn í dvöl og konur utan dvalar	10
Mynd 11. Fjöldi barna í Kvennaathvarfinu í Reykjavík 2014 til 2024	11
Mynd 12. Samanlagður fjöldi útkalla tímabilið 2015-2024 eftir kyni gerenda og aldursbilum.....	12
Mynd 13. Fjöldi útkalla sem Reykjavíkurborg fór í 2024 eftir kyni og aldri gerenda.....	12
Mynd 14. Samanlagður fjöldi útkalla 2015-2024 eftir kyni brotþola og aldursbilum	13
Mynd 15. Fjöldi útkalla sem Reykjavíkurborg fór í 2024 eftir kyni og aldri brotþola	13
Mynd 16. Fjöldi útkalla borgarinnar 2015-2024 þegar brotþolar eru 60 ára og eldri	14
Mynd 17. Fjöldi gerenda eftir eftir kyni og íslensku/erlendu ríkisfangi 2015-2024	14
Mynd 18. Fjöldi brotþola eftir eftir kyni og íslensku/erlendu ríkisfangi 2015-2024.....	15
Mynd 19. Hlutfall karla og kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang af þýðinu í Reykjavík og hlutfall gerenda með íslenskt ríkisfang og erlent eftir kyni árið 2024	15
Mynd 20. Hlutfall karla og kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang í Reykjavík og hlutfall brotþola með íslenskt ríkisfang og erlent eftir kyni árið 2024	15
Mynd 21. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra gerenda eftir kyni í útköllum borgarinnar 2024	16
Mynd 22. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra brotþola eftir kyni í útköllum borgarinnar 2024.....	16
Mynd 23. Fjöldi hinsegin gerenda 2019-2024.....	17
Mynd 24. Fjöldi hinsegin brotþola 2019-2024	17
Mynd 25. Tengsl gerenda og brotþola, ofbeldi af hálfu hvers eftir kyni brotþola 2024 í útköllum borgarinnar	18
Mynd 26. Tengsl gerenda og brotþola í útköllum Reykjavíkurborgar. Ofbeldi af hálfu hvers eftir kyni brotþola 2015-2024 í útköllum borgarinnar. Þrír stærstu „hóparnir“	Error! Bookmark not defined.
Mynd 27. Fjöldi útkalla Reykjavíkurborgar vegna barna á öllum aldri sem beita foreldra ofbeldi greint eftir kyni	Error! Bookmark not defined.
Mynd 28. Fjöldi útkalla vegna barna 17 ára og yngri, kyngreint, sem beita foreldra ofbeldi	20
Mynd 29. Fjöldi útkalla vegna „barna“ 18 ára og eldri sem beita foreldra ofbeldi, eftir kyni gerenda.....	20
Mynd 30.	21
Mynd 31. Tegund ofbeldis eftir kyni brotþola 2024 í útköllum borgarinnar.....	21
Mynd 32. Fjöldi brotþola og hlutfall eftir fjölskyldugerð 2024	22
Tafla 1. Fjárheimildir saman gegn ofbeldi 2015-2025.....	3
Tafla 2. Fjöldi útkalla lögreglu og Reykjavíkurborgar og hlutfall útkalla borgarinnar af þeim útköllum sem lögregla fer í 2015-2024.	9
Tafla 3. Hlutfall barna á vettvangi í útköllum og með lögheimili á vettvangi 2015 til 2024.	22